

**480. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 17. febrúar 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Berglind Eir Egilsdóttir varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist nýr liður, Lokun Póstafgreiðslu í Tálknafirði og verður sá liður númer 15. Aðrir liðir færast neðar sem því nemur.

Dagskrá:

1. 1502034 - 93. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn 20.01.2015

Til kynningar.

2. 1501005F - Fræðslu-,menningar-,íprótta-, æskulýðsnefnd - 4

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

3. 1501002F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 42

Tekin var til afgreiðslu fundargerð 42. fundar Samráðsnefndar frá 29 janúar s.l.

3.1. 1410107 - Uppsögn forstöðumanns

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vill þakka Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur, fyrir hennar störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.
Samþykkt samhljóða.

3.2. 1501009 - Skipulagsmál - sameiginleg.

Sveitarstjórn fagnar hugmyndum um sameiginlega vinnu við skipulagsmál. Erindinu er vísað til Byggingar,-Skipulags og Umhverfisnefndar til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.

3.3. 1501010 - Sameiginleg verkefni Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna að undirbúningi að sameiginlegu slökkviliði fyrir sunnanverða Vestfirði, fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps. Hugmynd um hafnarsamlag á sunnanverðum Vestjörðum er vísað til Atvinnu- og hafnarnefndar til umfjöllunar. Sveitarstjóri fór yfir hugmyndir sem ræddar voru á fundi samráðsnefndar um sameiginleg frístundamál, og er honum falið að kynna þær fyrir Fræðslu,-menningar,- íþrótt og æskulýðsnefnd.

3.4. 1501008 - Samstarfsverkefni-uppgjör.

Sveitarstjóri kynnti uppgjör á sameiginlegum verkefnum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar. Sveitarstjórn samþykkir ekki greiðslu á framlögðum reikningum, nema að viðhlítandi skýringar séu lagðar fram. Sveitarstjóra er falið að upplýsa sveitarstjórn um málið og leggja fram gögn frá Vesturbyggð sem skýra þá kostnaðarliði sem ekki eru útskýrðir í meðfylgjandi uppgjöri. Samþykkt samhljóða.

3.5. 1410109 - Þjónustuhópur aldraðra, stefnumótun í málefnum aldraðra.

Sveitarstjórn fagnar framkomnum hugmyndum um uppbyggingu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða á Sunnanverðum Vestjörðum og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum. Samþykkt samhljóða.

4. 1410008F - Velferðarráð - 1

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

5. 1410013F - Velferðarráð - 2

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

6. 1502050 - Beiðni um styrk.

Sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.

7. 1502052 - Minnispointar vegna náttúrupassa.

Sveitarstjórn fagnar framkomnu frumvarpi þar sem ástand ferðamannastaða er komið á hættustig.
Samþykkt samhljóða.

8. 1502053 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2015.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.1 í framlögðum gögnum að upphæð

1,5 mkr. vegna kaupa á búnaði í íþróttahús. Viðauka verður mætt með lántöku.
Samþykkt samhljóða.

9. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á uppgjörsvinnu vegna ársins 2014 og er uppgjörsvinna í samræmi við áætlun.
Sveitarstjóri skýrði frá innheimtu á staðgreiðslu vegna ársins 2014. Innheimta er í samræmi við áætlun. Sveitarstjóra falið að gera kostnaðaráætlun við að flytja skólamötuneyti úr íþróttahúsi yfir í skólahúsnæði. Nú standa yfir breytingar í íþróttahúsi vegna líkamsræktar, ný tæki eru komin í húsið og verða þau sett upp fljótlega. Einnig standa yfir smávægilegar breytingar á aðstöðu fyrir starfsfólk og uppsetning á gufubaði.

10. 1203043 - Útboð á slætti á grænum svæðum Tálknafjarðarhrepps

Sveitarstjóri kynnti gögn vegna útboðs á slætti fyrir sveitarfélagið.
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa útboðið í samræmi við umræður á fundinum.
Samþykkt samhljóða.

11. 1502064 - Lokun póstafréttis á Tálknafirði

Sveitarstjórn mótmælir harðlega fyrirhugaðri lokun á póstafréttis í Tálknafirði. Það er undarlegt á þeim tíma sem mesta uppbygging í Tálknafirði er að eiga sér stað þá skuli fyrirtækið Íslandspóstur í eigu ríkisins ákveða að draga úr þjónustunni. Opinberum störfum á landsbyggðinni hefur fækkað á sama tíma og þeim fjölga á höfuðborgarsvæðinu og því hlýtur sveitarstjórn að velta því fyrir sér hvort fyrirtækið ætli að þjónusta eingöngu höfuðborgarsvæðið og leggja af þjónustu við landsbyggðina. Sveitarstjórn vill taka fram að fyrirtækið Íslandspóstur ohf er í eigu íslenska ríkisins, sem Tálknafjarðarhreppur er hluti af eins og aðrar byggðir. Sveitarstjórn óskar eftir að fyrirtækið upplýsi hve mörg störf það hefur aflagt á Vestfjörðum, frá því að fyrirtækið tók við pósthjónustu af Pósti og síma.
Samþykkt samhljóða.

12. 1502035 - Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélags vegna almennra húsaleigubóta fjárhagsárið 2014

Til kynningar.

13. 1502037 - UMFÍ - bréf dagss. 12.12.2014

Til kynningar.

14. 1502044 - Dunhagi - félagsheimili

Til kynningar.

15. 1502027 - Úthlutun viðbótarframlags vegna sölu félagslegra íbúða.

Til kynningar.

**16. 1501067 - Tillaga frá samgöngustofu um uppbyggingu á
vöruskipakanti.**

Til kynningar.

17. 1502049 - Endanlegt staðgreiðsluppgjör 2014.

Til kynningar.

18. 1502038 - Skilríki tengd lögaðila

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.37.
